

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 137/2005

frá 2. desember 2005

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2005 frá 8. júlí 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/13/EB frá 3. janúar 2005 um breytingu á ákvörðun 2001/881/EB um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigði íseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um uppfærslu ítarlegra reglna um eftirlit sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/67/EB frá 28. janúar 2005 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2003/634/EB um samþykkt áætlaða um að ná stöðu viðurkenndra svæða og viðurkenndra eldisstöðva á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirubæðingar og iðradreps í fiski ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/102/EB frá 26. janúar 2005 um breytingu á ákvörðunum 2001/881/EB og 2002/459/EB að því er varðar skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/104/EB frá 3. febrúar 2005 um breytingu á ákvörðun 2002/300/EB um skrá yfir svæði sem eru viðurkennd með tilliti til bónamíosis (*Bonamia ostreae*) og/eða marteilíosis (*Marteilia refringens*) ⁽⁵⁾ skal felld inn í samninginn.
- 6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/107/EB frá 2. febrúar 2005 um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2002/308/EB um skrá yfir viðurkennd svæði og viðurkenndar eldisstöðvar með tilliti til fisksjúkdómanna veirubæðingar og/eða iðradreps ⁽⁶⁾ skal felld inn í samninginn.
- 7) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/123/EB frá 9. febrúar 2005 um breytingu á ákvörðun 2004/292/EB um að taka upp Traces-kerfið og um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE ⁽⁷⁾ skal felld inn í samninginn.
- 8) Ákvörðun þessi gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 306, 24.11.2005, bls. 14 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 24.11.2005, bls. 9.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 6, 8.1.2005, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 55.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2005, bls. 30.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 33, 5.2.2005, bls. 71.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 21.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 39, 11.2.2005, bls. 53.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2005/13/EB, 2005/67/EB, 2005/102/EB, 2005/104/EB, 2005/107/EB og 2005/123/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. desember 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2005

I. kafli I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/486/EBE) í hluta 1.2:
„- **32005 D 0123**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/123/EB frá 9. febrúar 2005 (Stjtíð. ESB L 39, 11.2.2005, bls. 53).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) í hluta 1.2:
„- **32005 D 0013**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/13/EB frá 3. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 6, 8.1.2005, bls. 8).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB) og 46. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/459/EB) í hluta 1.2:
„- **32005 D 0102**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/102/EB frá 26. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2005, bls. 30).“
4. Eftirfarandi bætist við í 118. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB) í hluta 1.2:
„, eins og henni var breytt með:
- **32005 D 0123**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/123/EB frá 9. febrúar 2005 (Stjtíð. ESB L 39, 11.2.2005, bls. 53).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 65. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/300/EB) í hluta 4.2:
„- **32005 D 0104**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/104/EB frá 3. febrúar 2005 (Stjtíð. ESB L 33, 5.2.2005, bls. 71).“
6. Eftirfarandi undirliður bætist við í 66. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/308/EB) í hluta 4.2:
„- **32005 D 0107**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/107/EB frá 2. febrúar 2005 (Stjtíð. ESB L 34, 8.2.2005, bls. 21).“
7. Eftirfarandi undirliður bætist við í 55. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/634/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“ í hluta 4.2:
„- **32005 D 0067**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/67/EB frá 28. janúar 2005 (Stjtíð. ESB L 27, 29.1.2005, bls. 55).“